

## GJALDSKRÁ

**fyrir Hafnarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.**

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Seyðisfjarðar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 275/2006.

### Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

#### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Skipagjöld.

#### 4. gr.

#### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 14,50 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

#### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

7 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 95 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 10.330 kr. á mánuði.

Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en 6.380 kr. á mánuði.

Bátar minni, óskráðir, styttri en 6 metrar greiði 4.550 kr. á mánuði. Þá báta skal taka upp yfir tímabilið október til maí.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 69 evrur fyrir hverja byrjaða viku. Daggjald verði 15 evrur.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærissskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

### Vörugjöld.

#### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til hafnarinnar, vegna álagningar vörugjalda.

#### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 8. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

*Vörugjaldskrá:*

1. fl.: Gjald 295 kr. fyrir hvert tonn fljótandi efnis mælist í rúmmetrum:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluólur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald 478 kr. fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald 565 kr. fyrir hvert tonn:  
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsólur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

Gjald 1.235 kr. fyrir hvert tonn.

Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.

**Aflagjald.**

## 11. gr.

Gjald 1,60% af heildaraflaverðmæti.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Heimill afsláttur til fastra viðskiptavina er 20%.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum, eða þar sem verðmæti afla liggur ekki fyrir er 6.460 kr. fyrir hvert tonn,

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

### **Leiga á gámasvæði/geymsla veiðarfæra/varnings/búnaðar/leiga á búnaði.**

12. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði, 32 kr. pr. m<sup>2</sup> á mánuði.

Geymsla á malbikuðu svæði, 98 kr. pr. m<sup>2</sup> á mánuði.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan 4.270 kr. pr. sólarhring.

Geymsla t.d. bíla, búnaðar eða varnings á hafnarsvæði 100 kr./m<sup>2</sup> fyrir hverja byrjaða viku.

Geymslugjald fyrir 20 feta gám, 2.315 kr. fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Geymslugjald fyrir 40 feta gám, 3.417 kr. fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Geymslugjald fyrir 20 feta frystigám pr. mánuð, 2.315 kr. + rafmagn.

Geymslugjald fyrir 40 feta frystigám pr. mánuð, 3.417 kr. + rafmagn.

Geymslugjald fyrir nætur og troll á geymslusvæði er það sama og fyrir 40 feta gám á mánuði.

Krókgámar lokaðir, 853 kr. á rúmmetra á mánuði.

Krókgámar opnir, 422 kr. á rúmmetra á viku.

Krókgámar opnir, 1.489 kr. á rúmmetra á mánuði.

Landgangaleiga, 4.295 kr. á skipti.

Geymslusvæði:

Öll svæði, 125 kr./m<sup>2</sup> á mánuði.

### **Móttaka úrgangs**

13. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan 11. gr. c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir 11. gr. c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- a. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,75 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 5.225 kr. og hámarksgjald 45.500 kr.
- b. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. staflíð a má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,40 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 5.225 kr. og hámarksgjald 23.500 kr.
- c. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem hafa varanlega viðveru í Seyðisfjarðarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera 5.225 kr. á mánuði.

- e. *Förgunargjald:* Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Gjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 10.500 kr. á hvern rúmmetra og er að lágmarki tekið gjald fyrir einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f. *Förgunargjald:* Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
- g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

#### **Hafnsögugjöld.**

14. gr.

Hafnarsjóður getur haft milligöngu um að útvega hafnsögumann og er greitt fyrir skv. reikningi.

#### **Festargjöld.**

15. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu 14.246 kr. og í yfirvinnu 24.650 kr. Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann 14.246 kr. og í yfirvinnu 24.650 kr.

#### **Vatnssala.**

16. gr.

Vatn afgreitt frá bryggju, lágmarksgjald, 4.990 kr.

Vatn til skipa, 296 kr./m<sup>3</sup>.

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, 6.495 kr. á klst. til viðbótar gjaldskrá.

#### **Vigtargjald.**

17. gr.

Almenn vigtun, 165 kr. á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun/löndun, 990 kr.

Vigtun flutningabíls, 1.580 kr. pr. vigtun.

Útseld vinna við vigtun í dagvinnu, 3.895 kr. á klst.

Útseld vinna við vigtun í yfirvinnu, 6.530 kr. á klst.

Útseld vinna við úrtaksvigtun, 6.530 kr. á klst.

Kranagjald, löndun með hafnarkrana, 295 kr. pr. tonn.

#### **Gámaleiga.**

18. gr.

Gámur í sólarhring, 2.500 kr.

Gámur í viku, 8.900 kr.

Aukavika, 6.000 kr.

#### **Rafmagnssala.**

19. gr.

Gámar, 16,96 kr./kWst.

Til skipa, 16,96 kr./kWst.

Tengigjald í dagvinnu, 2.560 kr.

Tengigjald í næturvinnu, 6.980 kr.

Mælaleiga, 4.836 kr. á ári.

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald 6.980 kr.

**Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða/verndargjald.**

20. gr.

Fyrir hverja komu skips sem fellur undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirtalin gjöld til hafnarinnar:

Fast gjald er 17.450 kr. auk þess 1,65 kr. fyrir hverja brúttólest skips.

Útseld vinna í dagvinnu vegna öryggisvörslu er 5.978 kr. á mann pr. klst. Útseld vinna í næturvinnu vegna öryggisvörslu er 8.976 kr. á mann pr. klst.

Verndargjald 56 kr. pr. farþega (e. security fee).

21. gr.

Leiga á móttökusal í Ferjuleiru 1. Fyrir 1-4 klst. 7.990 kr., fyrir heilan dag 13.645 kr.

22. gr.

Leyfi fyrir köfun á innra hafnarsvæði skv. hafnarreglugerð er 5.545 kr. pr. mann pr. skipti.

**Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

23. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

24. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Seyðisfjarðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskrteinu skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skirteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

25. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða komið á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema sérstaklega sé samið um annað. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

26. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Hafnarsjóði Seyðisfjarðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

27. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Seyðisfjarðar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

**Gildistaka.**

28. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Seyðisfjarðar er samþykkt af hafnarmálaráði Seyðisfjarðar þann 14. desember 2016, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1303/2015.

*Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar, 14. desember 2016.*

**Vilhjálmur Jónsson**, bæjarstjóri/hafnarstjóri.